

Hafnarfirði, 4. desember 2019

Minnisblað fyrir fræðsluráð 4. desember 2019.

Á fundi bæjarstjórnar þ. 13.nóvember sl. var eftirfarandi tekið fyrir:

Tillögur Viðreisnar vegna vinnu við fjárhagsáætlun Hafnarfjarðar:

Finum leiðir til að auka við sálfræðipjónustu við börn og unglinga um eitt stöðugildi

Biðlisti eftir sálfræðipjónustu í greiningu/ráðgjöf er eftirfarandi í grunnskólum Hafnarfjarðar. Mál sem fara í ráðgjöf bíða styttri tíma.

Skólar	Mál í bið	Elsta beiðni	Hlutfall sálfræðings	Fjöldi barna
Áslandsskóli	6	Maí 2019	0.4	510
Setbergsskóli	12	Feb 2019	0,4	416
Öldutúnsskóli	13	Feb 2019	0,4	555
Skarðshlíðarskóli	3	Apr. 2019	0,3	220
Hraunvallaskóli	10	Apr. 2019	0,7	698
Lækjarskóli	10	Feb. 2019	0,4	489
Hvaleyrarskóli	5	Feb. 2019	0,4	423
Víðistaðaskóli	12	Apr. 2019	0,7	703
Alls	71			4014

Elstu málin í hverjum skóla eru yfirleitt mál sem fóru á milli leikskóla og upp í grunnskólann núna í haust 2019. Mest eru þetta ADHD greiningar á 6 ára börnum. Við viljum helst ekki greina börn með ADHD fyrir 6 ára aldur með tilliti til lyfja. Það þýðir samt ekki að það sé ekki verið að vinna með málið innan skólans, eða að foreldrar hafi ekki fengið ráð eða farið á námskeið. Brúin er einhverjum tilfellum komin að málefnum þessara barna svo málin eru oft á tíðum komin í vinnslu innan kerfisins. Við leggjum alltaf áherslu á að það sé íhlutun og þjálfun í gangi þó að mál sé á bið hjá sálfræðingi. Aðrir sérfræðingar sviðsins og innan skólanna vinna með mál barnsins þrátt fyrir að beiðni sé á bið hjá sálfræðingi. Sálfræðingar skrifstofunnar sitja í Brúarteymum skólanna bæði í leik- og grunnskólum þar sem þeir eru til ráðgjafar fyrir aðra sérfræðinga innan skóla og skrifstofu sviðsins í einstaklingsmálum.

- 912 börn eru að meðaltali á bakvið hvert stöðugildi sálfræðings í grunnskólum Hafnarfjarðar.
- Miðað er við að það séu 4,4 stöðugildi að sinna grunnskólum bæjarins í formi ráðgjafar, greininga, námskeiða og í Brúarteymum. Heildarstöðugildi sálfræðinga í leik- og grunnskólum auk stöðugildis deildastjóra stoðþjónustu eru 7,4.
- Skilgreint er 1,2 stöðugildi í námskeiðshald af þessum 7,4 stöðugildum. Sem er hluti af forvarnar og inngrips úrræðum.

Hér að neðan eru stöðugildin skipt niður á mánuði og ár sl. fimm ár.

Mánuður	Einingar - RT					Einingar - ÁE	
	2015	2016	2017	2018	2019	2019	2020
jan.	6,20	6,40	5,55	6,60	7,44	7,2	7,4
feb.	6,20	6,66	6,00	6,40	7,28	7,2	7,4
mar.	6,20	7,00	6,00	6,80	7,20	7,2	7,4
apr.	6,20	7,00	6,00	6,80	7,20	7,2	7,4
maí	6,20	7,00	6,00	7,40	7,20	7,2	7,4
jún.	5,77	7,00	6,00	7,40	6,81	7,2	7,4
júl.	6,00	6,20	6,00	7,40	6,78	7,2	7,4
ágú.	5,00	6,14	6,00	7,40	7,00	7,2	7,4
sep.	6,33	6,04	6,10	6,89	7,27	7,2	7,4
okt.	6,40	6,20	6,10	6,70	6,80	7,2	7,4
nóv.	8,40	6,22	6,60	6,70	7,40	7,2	7,4
des.	6,40	6,00	6,60	6,70	7,40	7,2	7,4
Samtals	<u>75,30</u>	<u>77,86</u>	<u>72,95</u>	<u>83,19</u>	<u>85,77</u>	<u>86,4</u>	<u>88,8</u>

Námskeiðs úrræðum hefur fjölgað töluvert á þessu ári. Í haust voru sálfræðingar skrifstofu mennta- og lýðheilsusviðs með PEERS námskeið sem er ætlað fyrir unglinga (börn með einhverfurófsraskanir) og foreldra þeirra. Einnig höfum við verið með á þessu ári Klóka Krakka og Klóka litla Krakka ásamt PMTO

foreldrafærninámsskeiðum. Skimað er sérstaklega inná þessi námskeið (KLK, KK og Peers), svo börn sem virkilega þurfa íhlutun fá hana. Mikil ánægja hefur verið hjá foreldrum með þessi námskeið. Áhersla er á stuðning við foreldra barna sem þurfa aðstoð. Eins er í farvatninu enn frekari námskeið sem miða að fræðslu til foreldra barna með þunglyndi og kvíða.

Þess má geta að ekki er lengur bið inná PMTO foreldrafærni námskeiðin, þannig að foreldra ættu ekki að þurfa að bíða lengi eftir því að komast inná slík námskeið hjá Hafnarfjarðarbæ.

Samvinna við heilsugæslu hefur eflst til muna undanfarin í formi samvinnu við námskeiðahalds og samvinnu í kringum Brúarvinnuna.

Vakin skal athygli á því að sálfræðingar heilsugæslu (1,5 stöðugildi í HFJ) sinna að mestu viðtölum og ráðgjöf við börn og foreldra þeirra á meðan sálfræðingar skólaþjónustu sinna greiningu, námskeiðum og ráðgjöf. Það er mikilvægt að gera sér grein fyrir því að það er á ábyrgð ríkisins að sinna meðferð við börn en ekki sveitarfélagana. Aðrar starfstéttir innan skólans s.s námsráðgjafar og skólafélagsráðgjafar eru einnig að sinna viðtölum og ráðgjöf við nemendur. Það er hlutverk skólaþjónustu að skilgreina hver gerir hvað í þessu ferli. Mikilvægt að styðja vel við Brúarteymi skólanna og halda áfram að þróa þá vinnu með tilliti til þess að koma betur á mótis við fjölskyldurnar í firðinum með snemmtækum hætti.

Það er mikilvægt að bæta við fleiri og fjölbreyttum leiðum í nálgun innan sem utan skólanna og efla gagnreynd úrræði fyrir börn og foreldra. Sálfræðingar einir og sér inn í skólakerfið eru líklega ekki svarið við þeirri yfirgripsmiklu þjónustu sem veita þarf inn í skólakerfið. Mikilvægt er að styrkja foreldra og skólana og leggja áherslu á að vinna með foreldra snemma í ferlinu, bæði í leikskóla og á yngstu stigum grunnskóla. Þar er í Brúnni að leggja áherslu á snemmtæka nálgun með samvinnu allra sérfræðinga innan kerfisins.

Tekið saman af

Eiríki Þorvarðarsyni deildastjóra stoðþjónustu mennta- og lýðheilsusviðs

og

Fanneyju Dóróthe Halldórsdóttur sviðsstjóra mennta- og lýðheilsusviðs.